

## AUGLÝSING

### um samþykkt breytinga á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar samþykkti þann 6. maí 2015 í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 eftirtaldar breytingar á deiliskipulagi:

*Miðbæjarskipulag, Þverholt 21-27.*

Innbyrðis lóðarmörk og mörk byggingarreita færast til, íbúðum fjölga úr 48 í 62 og sett er skilyrði um að á lóðum nr. 25 og 27 verði leiguíbúðir. Núverandi leikhús á svæðinu geti staðið áfram um hríð, þótt hafin verði uppbygging samkvæmt deiliskipulaginu. Tillaga að breytingunum var auglýst 12. mars 2015, engin athugasemd barst.

*Lóð fyrir færanlegar kennslustofur við Æðarhöfða.*

Byggingarreitur á lóðinni er stækkaður og leyfilegt nýtingarhlutfall aukið, svo að koma megi fyrir á lóðinni allt að 12 færanlegum kennslustofum fyrir 5-7 ára börn. Tillaga að breytingunum var auglýst 12. mars 2015, engin athugasemd barst.

Ofangreindar breytingar á deiliskipulagi hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga og öðlast þær þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 29. maí 2015,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. júní 2015